

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Brynjar Þór Jónasson
Dags. 25. október 2019
Mnr. 2019100083



ÍSAFJARÐARBÆR

Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð.

Undirrituðum var falið af bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Guðmundi Gunnarssyni, að taka saman kostnað við kaup á nýju snjómoksturstæki fyrir Áhaldahús Ísafjarðarbæjar. Meta kostnað við kaup, afskriftir og rekstur á nýju tæki samanborið við þau tæki sem nú eru til staðar og í framhaldi af þeim samanburði að leggja mat á hvort mögulega sé ávinningur af því að bjóða þjónustuna út.

Meðaltekjur Áhaldahússins af snjómokstri árin 2016-2018 voru 16,7 milljónir á ári, mannalaun og vélakostnaður. Útseldur tími við snjómokstur er skv. gjaldskrá að meðaltali um 20.000,- kr./klst. og eru mannalaun um 25% af þeirri upphæð. Á árunum 2016-2018 seldi því Áhaldahúsið að meðaltali út 835 klst. í snjómokstur á ári. Meðal viðhaldskostnaður var á sama tímabili 2,9 milljónir á ári og eldsneytiskostnaður 2,7 milljónir.

Áhaldahúsið hefur yfir þremur tækjum til snjómoksturs að ráða. Ef við gefum okkur til einföldunar að öll tækin kosti Áhaldahúsið það sama og einu verði skipt út fyrir nýtt gæti dæmið litið út á eftirfarandi hátt. Áætlað er að nýtt tæki eyði 30% minna af eldsneyti og þurfi 70% minna viðhald, við að skipta út einu tæki gæti ávinningurinn því orðið minni rekstrarkostnaður uppá 950.000,- kr. á ári. Á móti koma afskriftir af nýju tæki um 10% á ári, áætlað innkaupsverð er 30,0 milljónir, sem gerir 3,0 milljónir fyrsta árið. Þar sem tækið er nær eingöngu notað við snjómokstur gæti kostnaður aukist tímabundið við að kaupa nýtt tæki að teknu tilliti til afskrifta.

Árið 2018 var snjómokstur á Flateyri, Þingeyri og Suðureyri boðin út. Meðal útseldur tími verktaka í útboðinu, allur kostnaður innifalinn, var 14.505,- kr./klst. Ekki er ástæða til að ætla annað en að svipaðar tölur verði boðnar verði snjómokstur á Ísafirði og í Hnífsdal boðin út.

Heildarkostnaður miðað við 14.505 kr./klst. yrði þá, 835 klst. X 14.505,- kr. = 12,1 milljónir kr. á ári.


Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs